

Eyðublað og leiðbeiningar vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2024/2025	
Til útfyllingar fyrir þau sveitarfélög sem óska eftir að senda inn tillögu að sérstökum skilyrðum.	
Ef sveitarfélög óska ekki eftir að sérstök skilyrði verði sett þá er mælt til þess að matvælaráðuneytinu verði send yfirlýsing þess efnis.	
Sveitarfélag:	Dalvíkurbyggð
Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag/byggðarlög:	Tillaga sveitarfélagsins að sérreglum byggðakvóta til fiskveiðiskipa á fiskveiðiarinu 2024/2025 varðar byggðalögin Árskógssand, Dalvík og Hauganes
Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:	Tekið fyrir og staðfest á 377.fundi sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar þann 18.febrúar 2025.
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Í stað 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar koma þrjú nýir máslíðir, svohljóðandi: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðisárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum og ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á þannig að 30% úthlutaðs byggðakvóta byggðarlags skal skipt jafnt á alla þá báta úr viðkomandi byggðarlagi sem sækja um byggðakvóta og uppfylla að öðru leyti ákvæði 1. gr. Óski einhver eftir tilteknu magni kvóta, sem er minna en hann á rétt á samkvæmt ákvæði þessu, þá skiptast eftirstöðvar þess hluta byggðakvótans jafnt á milli hinna umsækjendanna. Skipta skal 70% byggðakvóta byggðarlagsins hlutfallslega miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið á tímabilinu 1. september 2023 til 31. ágúst 2024. Ekkert skip fær þó meira en 35% af þeim 70% sem skipt er samkvæmt lönduðum afla.
Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Rökin fyrir þessari breytingu eru einkum þau að löndunarreynsla báta í Dalvíkurbyggð er mjög mismunandi. Það þótti því rétt, að reyna að tryggja það að allir þeir sem sækja um byggðakvóta fái eitthvað í sinn hlut þó niðurstaðan verði sú að þeir sem eru með mestu löndunarreynslu fái meira á grundvelli þess.
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Í 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist „til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga“ og verður: til vinnslu innan sveitarfélagsins.
Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Þessi ósk um breytingu er sama efnis og undanfarin ár, þ.e. að í stað þess að fiskiskipum í Dalvíkurbyggð sé skylt að landa afla til vinnslu í því byggðarlagi sem þau eru skráð, þá sé þeim skylt að landa þessum afla til vinnslu í sveitarfélaginu. Þetta er vegna þess að ekki er fiskvinnsla í öllum byggðarlögum sveitarfélagsins þó þar sé úthlutað byggðakvóta og er til þess að byggðakvótinn nýtist sem best til að efla atvinnu í sveitarfélaginu.
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Víð 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar bætist nýr másl. svohljóðandi: Þó er vinnsluáðila heimil jöfn skipti, miðað við þorskígildisstuðul, á tegundum við annan vinnsluáðila, og komi þá slík fyrirætlan fram í þeim samningi sem eigandi fiskiskips gerir við fiskkaupanda, og skal sveitarstjórn árita samninginn til staðfestingar.
Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Fiskvinnslum hefur fækkað í sveitarfélaginu á síðustu árum og því í raun engin vinnsla sem getur unnið t.d. netafisk. Eftir standa sérhæfð vinnsla Marúlfis sem nær eingöngu vinnur steinbít og grásleppu og svo vinnsla Samherja sem er bundin stærðartakmörkunum og tegundatakmörkunum. Einnig smávinnsla á Hauganesi sem hefur takmarkaða vinnslu. Nefndarmenn sjá fyrir sér mikil tormerki á að vinnsla geti í öllum tilfellum tekið við blönduðum byggðakvótaafli án þess að eiga þess kost að skipta á tegundum við annan vinnsluáðila. Ekki hvað síst á þetta við um litlar vinnslur sem hafa sérhæft sig. Jöfn skipti hljóta því að stuðla að því að auðveldara verði að halda úti vinnslu í byggðarlaginu í stað þess að útgerðir þurfi að horfa til þess að selja aflann á fiskmarkaði sem væri þá eina leiðin til að losna við aflann ef jöfn skipti verða ekki leyfð.
Tillögur sveitarstjórnar sendist rafrænt til matvælaráðuneytis á töluþósthfangið mar@mar.is .	